

# Sólberg land, landnr. 201243 Svalbarðs- strandarhreppi


## FYRIRHUGUÐ VINNA VIÐ DEILISKIPULAG

### LÝSING Á SKIPULAGSVERKEFNI

SAMKVÆMT 2. MGR. 40. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010

#### *Forsendur*

Samkvæmt aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhr. 2008-2020 sem samþykkt var af sveitarstjórn 17.07.2008, er gert ráð fyrir stækkun á íbúðarsvæðinu Sólheimar í landi Sólbergs um 3,8 ha (Íb 17) Landspildunni var skipt út úr jörðinni Sólbergi landnr. 152933 árið 2005 og hefur núverandi eigandi áform um að láta gera deiliskipulag fyrir svæðið.



Úrklippa úr aðalskipulagi 2008-2020

#### *Skipulagsleg staða og staðhættir*

Svæðið liggur beint norður af núverandi íbúðarsvæði (Íb 16) sem nefnt hefur verið Sólheimar, að vestan að sjó þ.e. Eyjafirðinum, að norðan að landspildu úr jörðinni Sólheimum sem síðar var sameinuð jörðinni Sólbergi og að austan að íbúðarlóðinni Marbakka og túni sem liggur vestan Þjóðveggar 1. Landið er að mestu gamalt tún ásamt bröttum bakka að sjó. Ekki er til skipulag fyrir jörðina Sólberg en aðeins fyrir núverandi íbúðarsvæði Sólheima. Gert er ráð fyrir 10-12 lóðum að lágmarki um 2000 m<sup>2</sup> að stærð með einni húsagötu og lóðir vestan og austan hennar.

#### *Forminjar*


Innan skipulagssvæðisins eru engar skráðar fornminjar.

#### *Aðkoma*

Aðkoma verður af Þjóðvegi nr. 1 eftir núverandi húsagötu Sólheima.

## Byggingar

Á hverri lóð verður heimilt að reisa eitt einbýlishús og má gera ráð fyrir að þau verði flest á tveimur hæðum eða ein hæð og kjallari vegna nokkuð mikils landhalla.



Afstöðumynd af svæðinu

## Skipulagsferli

Áætlaður tímarammi:

1. – 20. apr. 2016. Kynning á lýsingu að skipulagsverkefninu.
1. – 30. apr. 2016. Unnið að tillögu að deiliskipulagi.
4. maí. 2016 Tillaga að deiliskipulagi tekin fyrir á fundi sveitarstjórnar, kynnt íbúum og hagsmunaaðilum og eftir það afgreidd af sveitarstjórn þar sem tillagan er afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli.
15. maí – 30. júní 2016 Tillaga að deiliskipulagi í lögbundnu auglýsingar- og kynningarferli.
5. - 20. júlí 2016. Tillaga að deiliskipulagi afgreidd af sveitarstjórn.
1. - 10. ág. 2016 Deiliskipulag sent Skipulagsstofnun. Að því loknu öðlast deiliskipulagið gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

## Gögn deiliskipulags

Deiliskipulagið mun samanstanda af eftirtöldum gögnum:

- Deiliskipulagsuppráttur í mælikvarða 1:2000, ásamt greinargerð.

## Kynning og samráð

Í tengslum við vinnu við deiliskipulag verður haft samráð eða samband við þær stofnanir og hagsmunaaðila sem tengjast beint því sem snertir deiliskipulagsgerðina.

### *Helstu samráðsaðilar:*

- Skipulagsstofnun  
Lýsing á skipulagsverkefni verður lögð fyrir Skipulagsstofnun.
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra vegna fráveitu og neysluvatns.
- Minjastofnun Íslands  
Vegna fornminja ef þær er að finna innan svæðisins.

Lýsing þessi verður kynnt almenningi í formi auglýsingar ásamt því að lýsingin mun liggja frammi á skrifstofu sveitarfélagsins og vera aðgengileg á heimasíðu þess.